

Áfangalýsing

Titill	Hársnyrting 3
Námsgrein	Hársnyrting
Viðfangsefni	
Skammstöfun	HSNY2HG06
Staða	
Þrep	2
Einingafjöldi	4
Tillaga að bókstöfum eða tölustöfum skóla	HSNY2HG06
Lýsing	Klipping: Nemandinn fær þjálfun í að blanda saman mismunandi formum við klippingu á stuttum og síðum línunum á módelum og æfingahöfðum. Þekking og beiting mismunandi aðferða við þynningu er aukin, einnig notkun klippivéla. Nemandinn lærir að greina klippingar út frá myndum og gera verklýsingar fyrir þær. Í áfanganum er lögð rík áhersla á gerð og nýtingu verklýsinga við klippingar. Þekking og beiting mismunandi aðferða við þynningu er aukin, einnig notkun klippivéla. Nemandinn öðlast aukna færni í litun og þjálfast í að bera lit í hár innan ákveðins tímaramma. Þekking og færni við ólíkar aðferðir í litatækni og strípulitun er eflid. Kynnt er litaleiðrétting auk forlitunar og þjálfuð gerð verklýsinga og að vinna út frá þeim. Unnið er með æfingahöfuð og módel.
Forkröfur	HSNY2HG04
Þekkingarviðmið	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • flestum hugtökum sem tengjast klippingum og tískuklippingum. • formi klippinga út frá myndum. • ýmsum hugtökum sem tengjast klippingum. • ólíkum aðferðum við litun s.s. heillitun, partalitun og strípulitun. • tilgangi forlitunar og aðferðum við hana. • ólíkum hármótunarefnum og áhrifum þeirra.
Leikniviðmið	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • klippa eftir fyrirmynd. • klippa formklippingu á æfingarhöfði/módeli og klippingu/tískulínur módeli út frá verklýsingu. • geta þynnt niður í hnakka með vél og ólíkum kömbum. • geta séð fyrir sér lokaútkomu á klippingu með tilliti til andlitsfalls og hárgerðar. • klippa módel samkvæmt óskum þess og gera verklýsingu fyrir verkið • greina náttúrulit viðskiptavinar út frá litaspjaldi, velja og blanda hárlit samkvæmt því. • blanda saman ólíkum aðferðum við hárlitun • vita hvenær forlitunar er þörf.
Hæfniviðmið	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • klippa formklippingu á æfingahöfði og módeli samkvæmt kennslukerfi. • klippa snögga klippingu sem þynnist niður í hnakka. • ráðleggja um val og form á klippingum.

	• beita greiðum, skærum, þynningarskærum, hnífum og klippivélum. • vinna út frá verklýsingu. • greina náttúrulit viðskiptavinar út frá litaspjaldi, velja og blanda hárlit samkvæmt því. • blanda saman ólíkum aðferðum við hárlitun. • þekkja liti til litaleiðréttingar og forlitunar. • ganga vel um vinnusvæði, gæta öryggis og hreinlætis.
Námsmat	Símat
Útgáfunúmer	
Skólar	
Fyrirmynd	